

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óseðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps nr. 33 7. febrúar 1968 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 2. apríl 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

**um réttindi nemenda úr framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna til inngöngu í aðra skóla.**

### 1. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi 1. eða 2. árs í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til inngöngu í sérskóla og framhaldsskóla umfram umsækjendur með skemmra almennt undirbúningsnám.

### 2. gr.

Auk þeirra almennu réttinda, er um getur í 1. grein, skulu próf frá framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna veita þann rétt til inngöngu í einstaka framhaldsskóla, er hér segir:

#### *Tækniskóli Íslands.*

Lokapróf fyrra árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í síðari helming undirbúningsdeildar, enda fullnægi umsækjandi kröfum skólans um verklegan undirbúning.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

1. Meðaleinkunn í öllum greinum: 5.0.
  2. Meðaleinkunn í raungreinum (tvígildri stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði): 5.0.
- Lokapróf síðara árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í raungreinaeild.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

1. Meðaleinkunn í öllum greinum: 6.0.
2. Meðaleinkunn í raungreinum: 6.0.
3. Einkunnir í einstökum raungreinum: 3.0.

#### *Iðnskólar.*

Lokapróf fyrra árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til styttingar iðnskólanáms um 4 mánuði, enda hafi viðtökuskóli að dómi menntamálaráðuneytisins tök á að skipuleggja kennslu í sérgreinum og faggreinum í samræmi við slíka styttingu náms tímans.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

Engar.

Lokapróf síðara árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til styttingar iðnskólánáms um 8 mánuði, með sömu skilyrðum og greinir hér að framan.

*Vélskóli Íslands.*

Lokapróf fyrra árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í 1. bekk (2. stig) skólans án inntökuprófs, enda fullnægi unsækjandinn kröfum skólans um verklega þjálfun.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

Engar.

Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi umfram þau, er lokapróf fyrra árs veitir.

*Bændaskólinn á Hvanneyri.*

Lokapróf síðara árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til inngöngu í framhaldsdeild skólans að loknu búfræðiprófi með tilskilinni lágmarkseinkunn.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

Meðaleinkunn í öllum greinum: 6.0.

*Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi.*

Lokapróf fyrra árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til að hefja nám á öðru námsári skólans, enda fullnægi umsækjandi kröfum skólans um verklega þjálfun.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

Engar.

Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi til styttingar námstímans umfram þau, er lokapróf fyrra árs veitir.

*Hjúkrunarskóli Íslands.*

Próf á hjúkrunarkjörsviði veitir forgangsrétt til inngöngu umfram umsækjendur með annað jafnlangt undirbúningsnám.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

Engar.

*Kennaraskóli Íslands.*

Lokapróf síðara árs á uppeldiskjörsviði veitir rétt til þess að hefja nám í Kennaraskólanum samkvæmt þeim ákvæðum, sem þá gilda um námið.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

1. Meðaleinkunn allra greina: 6.00.
2. Einkunn í íslenzku: 5.00.

*Menntaskólar.*

Lokapróf fyrra árs — án sérstakra lágmarkseinkunna — veitir rétt til að hefja nám í menntaskóla á fyrsta námsári, en sé um að ræða að hefja nám á öðru námsári menntaskóla skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

- a) að skólastjóri eða námsráðgjafi mæli sérstaklega með umsækjanda til menntaskólanáms, og séu meðmælin send beint til viðtökuskóla;
- b) að umsækjandinn standist próf viðtökuskólans í þeim greinum, sem kenndar eru á fyrsta námsári hans, en ekki í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna;
- c) að umsækjandinn afli sér viðbótarkennslu í þeim greinum, þar sem viðtökuskóli telur, að námsnefni framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna nægi ekki til undirbúnings undir áframhaldandi nám í menntaskóla, og skal umsækjandinn í þeim tilgangi eiga aðgang að haustnámskeiðum þeim, sem haldin eru við menntaskólana, með sömu kjörum og reglulegir nemendur skólanna.

Heimilt er viðtökuskóla að fresta prófum þeim, er um getur í b-lið, ef um er að ræða greinar, sem ekki teljast beinn undirbúningur undir nám á öðru námsári skólans.

*Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:*

1. Meðaleinkunn í öllum greinum: 5.50.
2. Einkunn í hverri grein: 4.0.

Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi til styttingar námstímans umfram það, er lokapróf fyrra árs veitir.

**3. gr.**

Þegar tiltekin eru einkunnamörk, er jafnan átt við einkunn á vorprófi.

**4. gr.**

Ákvæðin um Garðyrkjuskólann og Bændaskólann á Hvanneyri í þessari reglugerð eru sett í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

**5. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 21 frá 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanáam, öðlast þegar gildi og kemur í stað reglugerðar nr. 75 frá 15. apríl 1970.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. maí 1970.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*